

## Stofnanasamningur

### Náttúrufræðistofnunar Íslands og Félags íslenskra náttúrufræðinga

#### 1. Inngangur

Náttúrufræðistofnun Íslands gegnir mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi. Henni ber að skrá íslenska náttúru kerfisbundið og leiðbeina um vernd hennar og nýtingu. Í þessu felst meginhlutverk hennar og sérstaða. Nauðsynlegt er að við Náttúrufræðistofnun Íslands vinni vel menntað fólk með reynslu á sviði náttúruvísinda. Samningur þessi þarf að vera með þeim hætti að hann laði gott starfsfólk að stofnuninni og hvetji það til að rækja störf sín.

#### 2. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til þeirra félagsmanna í Félagi íslenskra náttúrufræðinga sem starfa hjá Náttúrufræðistofnun Íslands svo og þeirra sem eru í leyfi, launuðu eða launalaus, barnsburðar- eða veikindaleyfi. Samkomulagið er hluti kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra, eins og hann er á hverjum tíma, sbr. 11. kafla.

#### 3. Markmið

Samningsaðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti
- að komið verði í veg fyrir launamun sem rekja má til kynferðis
- að launakerfið taki mið af þörfum stofnunarinnar fyrir gott starfsfólk sem ræður við þau fjölbreytilegu verkefni sem stofnuninni er ætlað að sinna
- að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar og starfsmanna
- að við ákvörðun launa sé hægt að taka mið af einstaklingum fremur en hópum og að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til framgangs í starfi
- að persónubundið starfs- og frammistöðumat hafi áhrif á ákvörðun launa og fari fram með reglubundnum hætti
- að launakerfið endurspegli skipulag stofnunarinnar

#### 4. Grunnröðun starfsheita

Við röðun starfa í samræmi við ákvæði samkomulags þessa skal miða við að um sé að ræða viðvarandi eða stöðugt verksvið. Í tilvikum þar sem starfsmaður fellur ekki að hinum almennu skilgreiningum er heimilt með samkomulagi í samstarfsnefnd að raða honum í annað starfsheiti.

Raða skal í launaflokka í samræmi við ábyrgð, skyldur sem í starfinu felast og umfang verkefna skv. hlutlægum mælikvörðum ef unnt er. Starfslýsing skal liggja til grundvallar. Meta skal menntun, starfsreynslu og færni sem þarf til að gegna starfinu. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti, skal hafa fordæmisgildi gagnvart öðrum starfsmönnum svo að tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

#### Starfsheiti og skilgreiningar þeirra:

Rannsóknarmaður: Náttúrufræðingur sem annast almenna gagna- eða sýnasöfnun og eða almenna úrvinnslu gagna/sýna undir stjórn annarra. Störfín eru unnin undir faglegri umsjón og á ábyrgð annarra. Náttúrufræðingur með B.Sc. gráðu sem ráðinn er sem rannsóknarmaður flyst yfir í sérfræðing 1 eftir 3ja mánaða starf.

#### Sérfræðingur 1:

Náttúrufræðingur sem hefur umsjón með og ber ábyrgð á sjálfstæðum verkþáttum í stærra verkefni sem er undir yfirstjórn annarra. Getur unnið við söfnun og úrvinnslu gagna, túlkun niðurstaðna og skýrslugerð í samráði við yfirstjórnanda.

#### Sérfræðingur 2:

Náttúrufræðingur sem hefur faglega umsjón með og ber ábyrgð á afmörkuðu verkefni. Vinnur annað hvort einn eða með aðstoðarmenn og eða sérfræðinga sér við hlið. Vinnur að gerð rannsóknááætlana, söfnun og úrvinnslu gagna og túlkun niðurstaðna.

#### Sérfræðingur 3:

Náttúrufræðingur með mastersgráðu, sem hefur faglega umsjón með og ber ábyrgð á afmörkuðu verkefni. Vinnur annað hvort einn eða með aðstoðarmenn og eða sérfræðinga sér við hlið. Vinnur að gerð rannsóknááætlana, söfnun og úrvinnslu gagna og túlkun niðurstaðna.

#### Sérfræðingur 4:

Náttúrufræðingur með doktorsgráðu sem hefur faglega umsjón með og ber ábyrgð á verksviði. Felur í sér ráðgjöf, álitsgerðir, leiðsögn og fræðslu. Vinnur annað hvort einn eða með aðstoðarmenn og eða sérfræðinga sér við hlið. Vinnur að gerð rannsóknááætlana, söfnun og úrvinnslu gagna og túlkun niðurstaðna.

#### Verkefnisstjóri:

Náttúrufræðingur sem hefur umsjón með og ber ábyrgð á verksviði, sem felur í sér verkstjórn starfshóps (sérfræðinga og eða aðstoðarmanna), eða mörgum smærri verkefnum.

#### Sviðsstjóri ráðgjafarverkefna:

Náttúrufræðingur með mastersgráðu sem vinnur við gerð verksamninga við utanaðkomandi aðila og framkvæmd þeirra. Heldur utan um skýrslugerð á sviði ráðgjafarverka og ritstýrir flestum þeirra. Vinnur jafnframt að sjálfstæðum

rannsóknaverkefnum eða tekur þátt í rannsóknum með öðrum hætti. Vinnur að gerð rannsóknáætlana, söfnun og úrvinnslu gagna og túlkun niðurstaðna.

Fagsviðsstjóri:

Náttúrufræðingur með mastersgráðu sem stýrir faghópi á einum af fjórum sérfræðisviðum Náttúrufræðistofnunar: grasafræði, dýrafræði, jarðfræði og landupplýsingar. Hann er fulltrúi fagsviðsins innan sem utan stofnunarinnar og er faglegur forystumaður þess. Fagsviðsstjóri vinnur jafnframt að verkefnastjórn eða að sjálfstæðum rannsóknaverkefnum, sem m.a. fela í sér gerð rannsóknáætlana, söfnun og úrvinnslu gagna og túlkun niðurstaðna.

Forstöðumaður deildar:

Náttúrufræðingur sem hefur umsjón með og ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á daglegum rekstri deildar í samræmi við rekstraráætlanir, stjórnskipulag stofnunarinnar, samþykkt verkferla og ákvarðanir forstjóra. Forstöðumaður sérhæfir sig í stjórnun og sinnir henni fyrst og fremst en getur stjórnað rannsóknaverkefnum eða tekið þátt í rannsóknum með öðrum hætti enda hafi það ekki í för með sér mikla fjarveru frá stofnuninni vegna útivinnu.

Krafa um viðbótarmenntun umfram grunnmenntun:

Í grein 11.3.3.1 í 11. kafla miðlægs kjarasamnings segir að ef gerð er krafa um viðbótarmenntun umfram grunnmenntun (BA/BS) í starfslýsingu skal tekið tillit til þess við grunnröðun starfs í launaflokk sem hér segir:

Starf sem gerir kröfu um 60 eininga (ECTS) viðbótarnám raðast að lágmarki tveimur launaflokkum hærra en starf þar sem einungis er krafist grunnmenntunar og sé gerð krafa um meistaragráðu skal slíkt starf raðast að lágmarki 4 launaflokkum hærra sbr. upptalningu hér fyrir neðan:

- Diplóma eða sambærilegt nám sem leiðir til formlegra starfsréttinda (60 einingar) = 2 launaflokkar eða 4 stig
- Meistaragráða (90 – 120 einingar) = 4 launaflokkar eða 8 stig
- Doktors- eða sambærileg gráða (180 einingar) = 6 launaflokkar eða 12 stig

Grunnröðun starfsheita:

Grunnröðun starfsheita skal því vera, að teknu tilliti til krafna um viðbótarmenntun umfram grunnmenntun (BA/BS), eftirfarandi:

<u>Starfsheiti</u>	<u>Grunnröðun</u> <u>m.v.</u> <u>BA/BS</u> <u>próf, lfl.</u>	<u>Menntun</u> <u>sem krafa er</u> <u>um í starfi</u>	<u>Viðbótarmenntun</u> <u>umfram grunn-</u> <u>menntun BA/BS sem</u> <u>krafa er um í starfi</u>	<u>Grunnröðun starfsheita</u> <u>áð teknu tilliti til</u> <u>viðbótarmenntunar</u> <u>sem krafa er um í starfi</u>
rannsóknarmaður	05	BS/BA	0	05
sérfræðingur 1	07	BS/BA	0	07
sérfræðingur 2	09	BS/BA	0	09
sérfræðingur 3	09	Master	4	13
sérfræðingur 4	11	Doktor	6	17
verkefnastjóri	11	BS/BA	0	11
sviðsstjóri ráðgjafar	13	Master	4	17
fagsviðsstjóri	13	Master	4	17
forstöðumaður deildar				34*

\*sjá bókun II og III

260 M

## 5. Viðbótarþættir við grunnröðun.

Til viðbótar þeirri launaröðun sem að framan er lýst geta eftirtaldir starfsbundnir og persónubundnir þættir leitt til hækkunar launa náttúrufræðinga. Svo jafnræðis sé gætt og að ákvörðun sé byggð á málefnalegum rökum fer trúnaðarmaður stéttarfélags árlega yfir matið og röðun starfsmanna.

Stig fyrir hina ýmsu þætti leggjast saman og reiknast síðan yfir í launaflokka þannig að 2 stig jafngilda 1 launaflokki. Launaflokkar rúnast í næstu heilu tölu þannig að hálfur launaflokkur eða meira rúnast upp í næstu heilu tölu.

Starfs- og persónubundnir þættir sem meta skal til viðbótar grunnröðun eru:

### 5.1 Starfsbundnir þættir:

Eftirtaldir viðvarandi starfsbundnir þættir umfram skilgreiningar í starfsheitum geta leitt til hækkunar launa náttúrufræðinga. Starfsbundnir þættir endurmetast við flutning milli starfsheita. Slíkt endurmat skal ekki leiða til lækkunar heildarlauna. Starfsbundnir þættir skulu vera í samræmi við starfslýsingar.

#### A. Fagleg og eða stjórnunarleg ábyrgð

Felst í stjórnun manna, stjórnun verkefna, eftirliti með verkáætlunum, ábyrgð á tækjum, húsnæði eða gögnum, stefnumótun, verkefnaöflun, staðgengilshlutverki, fjárhagsábyrgð verkefna, gerð eða framkvæmd fjárhagsáætlana, eftirliti með fjárhagsáætlunum, faglegri ábyrgð, faglegum kröfum starfs, eftirliti með faglegum gæðum, einyrkjastöðu, þróun, álitsgerðum, ráðgjöf eða leiðbeiningu. Að jafnaði á þetta ekki við um forstöðumenn.

Skal metið til allt að 3 stiga.

Gegni forstöðumaður staðgengilsstarfi forstjóra raðast hann tveimur stigum hærra en ella.

#### B. Umfang og álag

Felst í umfangi starfs, álagi í starfi, eðli og þyngd verkefna, sérstakri áhættu í starfi (svo sem að vinna einn í felti við erfiðar aðstæður, umgengni við eitufeni, bjargsigi eða ferðum um hálendið, jökla og jökulár), óvenju umfangsmiklum verkefnum s.s. umsjón með ráðstefnum eða undirbúningur og skipulagning nýrra verkefna. Að jafnaði á þetta ekki við um forstöðumenn.

Skal metið til allt að 6 stiga.

### 5.2 Persónubundnir þættir:

Eftirtaldir persónubundnir þættir skulu metnir hjá hverjum starfsmanni.

#### A. Menntun sem nýtist í starfi

Meta skal formlega framhaldsmenntun sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu og ekki er þegar metin við grunnröðun starfsins, sbr. kafla 4. Menntunin þarf að nýtast í starfi og því miðað við að hún sé á fagsviði viðkomandi. Varðandi mat á menntun forstöðumanna vísast til bókarar II.

Miða skal við að diplóma (60 einingar) leiði til hækkunar um 2 launaflokka eða 4 stig, meistaragráða leiði til hækkunar um fjóra launaflokka eða 8 stig og doktors eða sambærileg gráða um 6 launaflokka eða 12 stig, þó aldrei hærra en launataflan leyfir.

Styttra formlegt nám skal metið með sambærilegum hætti.

### *B. Hæfni*

Hæfni felst í sérstakri þekkingu eða færni sem er verðmæt fyrir stofnunina. Með þekkingu er átt við viðbótarnám á fagsviði. Önnur þekking sem ekki áður hefur verið metin og nýtist í starfi skal metin til stiga. Með færni er átt við sköpunargáfu, verklagni, kunnáttu í notkun ákveðinna tölvuforrita eða tækja, yfirsýn eða leiðtogaþæfileika. Á ekki við um forstöðumenn.

Skal metið til allt að 12 stiga.

### *C. Reynolds*

Gildir til 31. ágúst 2017:

Reynsla á fagsviði (óháð vinnustað) sem nýtist í starfi. Lágmark 2 stig fyrir 2 ár, og lágmark 4 stig fyrir 8 ár. Á ekki við um forstöðumenn.

Skal metið til allt að 6 stiga.

Gildir frá 1. september 2017:

Reynsla á fagsviði (óháð vinnustað) sem nýtist í starfi. Lágmark 2 stig fyrir 2 ár, lágmark 3 stig fyrir 6 ár og lágmark 5 stig fyrir 8 ár. Á ekki við um forstöðumenn.

Skal metið til allt að 10 stiga.

### *D. Árangur og frammistaða*

Umfram það sem eðlilegt má teljast. Tekið er mið af síðustu 12 mánuðum. Þessi þáttur getur lækkað, þ.e. hann er ekki varanlegur. Á ekki við um forstöðumenn.

Skal metið til allt að 3 stiga.

### *E. Frumkvæði og samstarfshæfni*

Felst í frumkvæði, sjálfstæði, vilja og getu til að takast á við ný verkefni, samstarfshæfni, sveigjanleika eða aðlögunarhæfni. Á ekki við um forstöðumenn.

Skal metið til allt að 4 stiga.

## **6. Starfslýsingar**

Aðilar eru sammála um að við röðun verði miðað við samþykktar starfslýsingar starfsmanna. Starfslýsingar skulu vera í fullu samræmi við skipulag stofnunarinnar og þau störf sem starfsmönnum er falið að sinna, sbr. 4 kafla. Starfslýsingar verði endurskoðaðar við allar varanlegar breytingar á verksviði starfsmanna eða skipulagi stofnunar.

## **7. Starfsmannaviðtöl**

Einu sinni á ári boðar yfirmaður starfsmann á fund til að ræða starf og starfssvið, árangur og frammistöðu. Ef talin er ástæða til að breyta starfslýsingu starfsmanns skal yfirmaður ræða það við forstjóra. Yfirmaður skal gera forstjóra grein fyrir því hvernig starfsmenn hafa staðið sig. Starfsmannaviðtöl fara fram á tímabilinu janúar til febrúarloka ár hvert.

## **8. Endurmat starfskjara**

Einu sinni á ári boðar forstjóri starfsmann á fund til að ræða starfskjör hans og þá þætti sem ákvarða þau. Þá skal metið hvort þeir hafa áhrif til breytingar á röðun hans skv. gr. 4 og 5. Launaviðtöl fara fram á tímabilinu mars til maíloka ár hvert.

## 9. Tímabundin vik frá verksviði

Sé starfsmanni falið tímabundið verkefni sem felur í sér töluvert meira umfang eða ábyrgð en gert er ráð fyrir í starfslýsingu eða skipulagi vinnu hans á stofnun skal hann fá hækkun launa meðan á því stendur. Gera skal tímabundinn sérsamning um starfsskyldur og greiðslur. Hafi starfsmaður starfað lengur en 18 mánuði á 24 mánaða tímabili á þessum kjörum verða þau varanleg.

## 10. Hlífðarfatnaður og áhöld

Stofnunin sér starfsmönnum fyrir nauðsynlegum hlífðarfatnaði og áhöldum við vinnu þeirra og endurnýjar eftir eðlilegt slit eða óhöpp (sjá fylgiskjal 1). Hlífðarfatnaður og áhöld falli að þörfum hvers starfs. Stofnunin getur gert samning við eitthvert fyrirtæki um kaup á slíkum fatnaði eða áhöldum til að ná hagstæðari kjörum. Stofnunin getur farið fram á að hlífðarfatnaður og áhöld séu merkt stofnuninni. Ef starfsmaður telur að hlífðarfatnaður eða áhöld sem stofnunin er tilbúin að veita uppfylli ekki þær kröfur sem starfsmaðurinn gerir er í undantekningartilvikum hægt að semja um að starfsmaður fái greiðslu sem samsvarar þeim kostnaði sem stofnunin ber vegna annarra starfsmanna og að starfsmaður útvegi sér sjálfur viðkomandi hlífðarfatnað eða áhald.

## 11. Upplýsingar á launaseðli

Upplýsingar um launatengt starfsheiti og grunnröðun skulu koma fram á launaseðli ásamt endanlegum launaflokki.

## 12. Greiðslur vegna skrifa og fyrirlestrahalds

Greiðslum vegna skrifa og fyrirlestrahalds er ætlað annars vegar að stuðla að hraðari fullvinnslu gagna og hins vegar að styrkja ímynd stofnunarinnar enda getur slík kynning aukið álit á stofnuninni fyrir vísinda- og fræðslustarf. Þessir tveir þættir mynda þann grunn sem greitt er fyrir. Aðeins er greitt fyrir skriftir og fyrirlestra sem teljast á verksviði stofnunarinnar, eru gerð með samþykki viðkomandi forstöðumanns og í nafni Náttúrufræðistofnunar. Matsnefnd skal meta umsóknir. Matsnefndina skipa þrír fulltrúar, einn tilnefndur af Náttúrufræðistofnun, einn af Félagi íslenskra náttúrufræðinga og oddamaður sem aðilar komi sér saman um. Nánari útfærsla á reglum vegna þessa eru í fylgiskjali 2.

## 13. Lúkning umfangsmikilla verkefna

Hafi starfsmaður eða starfsmenn lokið umfangsmiklu eða sérlega mikilvægu verkefni á starfssviði stofnunarinnar og með samþykki hennar getur hann eða þeir sótt um þóknun vegna þess. Til slíkra umfangsmikilla verkefna geta talist skipulagning ráðstefna, uppsetning nýrra tækja, undirbúningur sýninga, ritstjórn á fræðibókum og umfangsmikil nefndarstörf. Þóknunin er í formi yfirvinnustunda eða mánaðarlauna. Matsnefnd skal meta umsóknir. Matsnefndina skipa þrír fulltrúar, einn tilnefndur af Náttúrufræðistofnun, einn af Félagi íslenskra náttúrufræðinga og oddamaður sem aðilar komi sér saman um. Nánari útfærsla á reglum vegna þessa eru í fylgiskjali 3.

## 14. Ákvæði um endurskoðun

Aðilar eru sammála um að endurskoða stofnanasamning þennan árlega eða ef annar hvor aðili óskar þess eða þörf krefur, t.d. ef breytingar verða á skilgreiningum verkefna og verkþátta. Verði miklar breytingar á starfsemi stofnunar eða meginverkefnum hennar skal gerð nauðsynleg endurskoðun á röðunarreglum samningsins eða eftir atvikum röðun starfsmanns.

### 15. Réttur til endurmats í starfi


Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirbyggjandi forsendur samstarfsnefndar um röðun, á hann rétt á því að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar skv. 11. kafla nágildandi kjarasamnings.

### 16. Gildistími.


Samningur þessi gildir frá 1. júní 2016.

Reykjavík 30. nóvember 2017

f.h. Náttúrufræðistofnunar Íslands

  
Anna Sveinsdóttir

f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

  
Sveija N.V. Aulage

### Hlífðarfatnaður og áhöld.

Stofnunin sér starfsmönnum fyrir nauðsynlegum hlífðarfatnaði og áhöldum við vinnu þeirra og endurnýjar eftir eðlilegt slit eða óhöpp. Hlífðarfatnaður og áhöld falli að þörfum hvers starfs. Stofnunin getur gert samning við eitthvert fyrirtæki um kaup á slíkum fatnaði eða áhöldum til að ná hagstæðari kjörum. Stofnunin getur farið fram á að hlífðarfatnaður og áhöld séu merkt stofnuninni. Ef starfsmaður telur að hlífðarfatnaður eða áhöld sem stofnunin er tilbúin að veita uppfylli ekki þær kröfur sem starfsmaðurinn gerir er í undantekningartilvikum hægt að semja um að starfsmaður fái greiðslu sem samsvarar þeim kostnaði sem stofnunin ber vegna annarra starfsmanna og að starfsmaður útvegi sér sjálfur viðkomandi hlífðarfatnað eða áhöld.

#### **Dæmi um hlífðarfatnað og áhöld sem jafnan verða að vera einstaklingsbundin:**

Vind- og regnheldur göngujakki og buxur (goretex eða sambærilegt)  
Regnstakkur og buxur  
Gönguskór  
Gúmmístígvél  
Kuldagalli  
Svefnpoki  
Bakpoki  
Skjalataska

#### **Dæmi um hlífðarfatnað og áhöld sem hægt er að samnýta:**

Öryggishjálmur  
Klofstígvél  
Farsími  
Hamar  
Áttaviti  
Lúpa  
Sjónauki  
Skóp  
Myndavél  
GPS-tæki  
Lófatölva  
Fartölva  
Viðlegubúnaður  
Sloppur



## Útfærsla á reglum Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna skrifa og fyrirlestra.

### **Gildir til 31. desember 2017:**

#### **Forsendur:**

Greiðslum vegna skrifa og fyrirlestrahalds er ætlað annars vegar að stuðla að hraðari fullvinnslu gagna og hins vegar að styrkja ímynd stofnunarinnar enda getur slík kynning aukið álit á stofnuninni fyrir vísinda- og fræðslustarf. Þessir tveir þættir mynda þann grunn sem greitt er fyrir. Aðeins er greitt fyrir skriftir og fyrirlestra sem teljast á verksviði stofnunarinnar, eru gerð með samþykki viðkomandi forstöðumanns og í nafni Náttúrufræðistofnunar.

#### **Fyrirlestrar:**

- Opinberir fyrirlestrar 5
- Erindi á alþjóðlegum ráðstefnum og stærri innlendum fagráðstefnum 10

Heildargreiðsla skal nema 10 yfirvinnustundum fyrir fyrirlestra á alþjóðlegum ráðstefnum og stærri innlendum fagráðstefnum og fundum (t.d. stærri ráðstefnur Líffræðifélags Íslands, Jarðfræðifélags Íslands og Fræðaping). Prentað ágríp í ráðstefnumöppu fylgi. Sama gildir um fyrirlestra á Hrafnapingi með ágrípi á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar. Heildargreiðsla skal nema 5 yfirvinnustundum fyrir aðra opinbera fyrirlestra. Undanskilja skal endurtekna fyrirlestra, fyrirlestra á lokuðum vinnufundum og fyrirlestra sem greitt er sérstaklega fyrir af öðrum aðilum.

#### **Veggspjöld:**

- Veggspjald á opinberum sýningum eða kynningum 5
- Veggspjald á alþjóðlegum ráðstefnum og stærri innlendum fagráðstefnum 10

Heildargreiðsla skal nema 10 yfirvinnustundum fyrir veggspjald á alþjóðlegum ráðstefnum og stærri innlendum fagráðstefnum og fundum (t.d. stærri ráðstefnur Líffræðifélags Íslands, Jarðfræðifélags Íslands og Fræðaping). Prentað ágríp í ráðstefnumöppu fylgi. Heildargreiðsla skal nema 5 yfirvinnustundum fyrir opinberar sýningar og kynningar.

#### **Kort**

- Umfangsmikil kort 15-20

Heildargreiðsla skal nema 15-20 yfirvinnustundum fyrir útgáfu á umfangsmiklum kortum sem gefin eru út án þess að önnur skrif fylgi með. Um er að ræða kort sem nær yfir allt landið eða afmarkaða landshluta.

#### **Rit Náttúrufræðistofnunar Íslands:**

- Fjölrit 20-30

Heildargreiðslur fyrir fjölrit eru 20-30 yfirvinnustundir.

### **Skýrslur Náttúrufræðistofnunar Íslands:**

- Minni skýrslur (allt að 15 bls) 10-15
- Miðlungs skýrslur (20-50 bls) 15-20
- Stærri skýrslur (meir en 50 bls) 20-30

Heildargreiðslur fyrir skýrslur gefnar út á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands skulu nema 10-30 yfirvinnustundum, allt eftir umfangi skýrslunnar.

### **Blaðgreinar:**

- Minni blaðgreinar 5
- Meiri blaðgreinar 10

Heildargreiðsla skal nema 5 yfirvinnustundum fyrir smærri blaðgreinar en 10 yfirvinnustundum fyrir stærri blaðgreinar. Stærri blaðgreinar teljast að jafnaði þær sem eru meira en hálf síða. Skrif á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar falla undir þennan lið, þó ekki skrif á eigið heimasvæði.

### **Greinar í tímarit:**

- Minni grein 5-10
- Miðlungsgrein 10-15
- Stærri grein 15-20

Heildargreiðslur í óritrýnd tímarit skal nema 5 yfirvinnustundum fyrir smærri tímaritsgreinar, 5-10 yfirvinnustundum fyrir miðlungsgreinar og 10-15 yfirvinnustundum fyrir stærri greinar. Skrif á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar falla undir þennan lið, þó ekki skrif á eigið heimasvæði. Dæmi um óritrýnd tímarit er Skógræktarrit Íslands, Veiðimaðurinn, Sjómannablaðið, Sumarbústaðurinn, Skotvís og rit ferðafélaga. Hér falla einnig undir óritrýndar ráðstefnugreinar.

### **Innlend fagrit (ritrýnd):**

- Grein 30-40

Heildargreiðsla skal nema 30-40 yfirvinnustundum fyrir hverja grein. Greiðslu skal inna af hendi þegar handrit hefur verið samþykkt til birtingar. Dæmi um innlend fagrit eru Náttúrufræðingurinn, Acta Botanica, Bliki, Búvísindi og Jökull. Skilyrði er að greinin sé ritrýnd af a.m.k. 2 óháðum aðilum samkvæmt venjum vísindarita.

### **Erlend fagrit (ritrýnd):**

- Grein 40-60

Heildargreiðsla skal nema 40-60 yfirvinnustundum fyrir hverja grein. Greiðslu skal inna af hendi þegar handrit hefur verið samþykkt til birtingar. Skilyrði er að greinin sé ritrýnd af a.m.k. 2 óháðum aðilum samkvæmt venjum vísindarita.

### **Bækur og bókakaflar í fræðibókum:**

Bækur og bókakafla skal meta sem ígildi greina, allt eftir eðli og umfangi.

### **Skipting greiðslna og tilkynning um skrif eða fyrirlestra:**

Séu höfundar tveir eða fleiri skiptist greiðsla samkvæmt eftirfarandi: Tveir höfundar, fyrsti höfundur 67%; annar höfundur 33%, nema samkomulag sé á milli höfunda um aðra skiptingu til að gæta sanngirnis. Þrír höfundar eða fleiri, fyrsti höfundur 50% og afgangur deilist jafnt milli meðhöfunda, nema samkomulag sé á milli höfunda um aðra skiptingu til að gæta sanngirnis. Við útreikning miðast við heildarfjölda höfunda, innan sem utan stofnunar. Einungis starfsmenn stofnunarinnar fá greiðslur. Greiðslur rúnast upp að næstu heilu tölu og eru í formi yfirvinnustunda í launaflokki 20, 5. þrep.

Tilkynning um skrif eða fyrirlestra skal berast matsnefnd sem fyrst og eigi síðar en 6 mánuðum frá birtingu eða samþykki um birtingu þar sem það á við.

Eftirfarandi atriði þurfa að fylgja tilkynningu til matsnefndar:

1. Ljósrit af grein, ágrípi eða dagskrá eftir því sem við á, ásamt upplýsingum um birtingarstað og dagsetningu. Ef um ritrýnda grein er að ræða skal miða við dagsetningu þegar grein er samþykkt til birtingar. Taka skal fram hvort um ritrýnda grein sé að ræða. Röð og fjöldi höfunda skal koma fram.

2. Samþykki yfirmanns.

## Útfærsla á reglum Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna skrifa og fyrirlestra.

### **Gildir frá 1. janúar 2018:**

#### **Forsendur:**

Greiðslum vegna skrifa og fyrirlestrahalds er ætlað annars vegar að stuðla að hraðari fullvinnslu gagna og hins vegar að styrkja ímynd stofnunarinnar enda getur slík kynning aukið álit á stofnuninni fyrir vísinda- og fræðslustarf. Þessir tveir þættir mynda þann grunn sem greitt er fyrir. Aðeins er greitt fyrir skriftir og fyrirlestra sem teljast á verksviði stofnunarinnar, eru gerð með samþykki viðkomandi forstöðumanns og í nafni Náttúrufræðistofnunar. Höfundur ber að skrifa nafn stofnunarinnar Náttúrufræðistofnun Íslands (The Icelandic Institute of Natural History).

#### **Skipting greiðslna:**

Séu höfundar tveir eða fleiri skiptist greiðsla samkvæmt eftirfarandi: Tveir höfundar, fyrsti höfundur 67%; annar höfundur 33%, nema samkomulag sé á milli höfunda um aðra skiptingu til að gæta sanngirnis. Þrír höfundar eða fleiri, fyrsti höfundur 50% og afgangur deilist jafnt milli meðhöfunda, nema samkomulag sé á milli höfunda um aðra skiptingu til að gæta sanngirnis. Við útreikning miðast við heildarfjölda höfunda, innan sem utan stofnunar. Einungis starfsmenn stofnunarinnar fá greiðslur. Greiðslur rúnast upp að næstu heilu tölu og eru í formi yfirvinnustunda í launaflokki 20, 5. þrep. Greiðslur fyrir erindi og veggspjöld eru eingöngu veittar þeim sem flytur/kynnir.

#### **Tilkynning um skrif eða fyrirlestra:**

Tilkynning um skrif eða fyrirlestra skal berast matsnefnd sem fyrst og eigi síðar en 6 mánuðum frá birtingu eða samþykki um birtingu þar sem það á við. Starfsmenn eru hvattir til að senda inn sameiginlegar umsóknir séu fleiri en einn starfsmaður NÍ höfundar að verkinu. Ritlaunanefnd fundar að jafnaði fjórum sinnum á ári, þ.e. í mars, júní, september og desember. Ritlaunanefnd skal afgreiða umsóknir innan 5 mánaða frá því að erindi berst.

Eftirfarandi atriði þurfa að koma fram í umsókn til matsnefndar eða í fylgiskjölum:

1. Tilgreint hvort um er að ræða fyrirlestur, veggspjald, kort, rit eða skýrslu NÍ, grein í fræðiriti eða öðru riti, bók eða bókarkafli.
2. Tengill eða ljósrít af grein, ágrípi eða dagskrá eftir því sem við á, ásamt upplýsingum um birtingarstað og dagsetningu. Órafrænum fylgiskjölum skal koma til ritlaunanefndar.
3. Röð og fjöldi höfunda skal koma fram.
4. Starfsmenn sem sækja um greiðslu tilgreindir.
5. Taka skal fram hvort samkomulag er á milli höfunda um aðra skiptingu greiðslu en kveðið er á um í stofnanasamningi.
6. Samþykki yfirmanns.

**Greiðslur eru metnar á eftirfarandi hátt:****Fyrirlestrar:**

- Opinberir fyrirlestrar á málþingum, málstofum eða opinberum fundum faghópa 5 yfirvinnustundir
- Erindi á innlendum ráðstefnum og á Hrafnabingi 10 yfirvinnustundir
- Erindi á alþjóðlegum ráðstefnum eða boðsfyrirlestrar við erlenda háskóla 15 yfirvinnustundir
- Plenum-fyrirlestur eða inngangsfyrirlestur á alþjóðlegri vísindaráðstefnu 25 yfirvinnustundir

Heildargreiðsla skal nema 5-25 yfirvinnustundum fyrir opinbera fyrirlestra. Dagskrá ráðstefnu eða fundar þarf að liggja fyrir. Boðsbréf þarf að fylgja umsókn þegar um er að ræða plenum-fyrirlestur eða inngangsfyrirlestur á alþjóðlegri vísindaráðstefnu, sem og fyrir opinbera boðsfyrirlestra við erlenda háskóla. Undanskilja skal endurtekna fyrirlestra, fyrirlestra á lokuðum vinnufundum og fyrirlestra sem greitt er sérstaklega fyrir af öðrum aðilum. Greiðsla fyrir erindi er veitt þeim sem flytur.

**Veggspjöld:**

- Veggspjald á innlendum ráðstefnum, opinberum sýningum eða kynningum 5 yfirvinnustundir
- Veggspjald á alþjóðlegum ráðstefnum 10 yfirvinnustundir

Heildargreiðsla skal nema 5-10 yfirvinnustundum fyrir veggspjöld sem kynnt eru opinberlega. Dagskrá ráðstefnu eða fundar þarf að liggja fyrir. Greiðsla fyrir veggspjald er veitt þeim sem kynnir.

**Kort:**

- Umfangsmikil kort 15-20 yfirvinnustundir

Heildargreiðsla skal nema 15-20 yfirvinnustundum fyrir útgáfu á umfangsmiklum kortum sem gefin eru út án þess að önnur skrif fylgi með. Um er að ræða kort sem nær yfir allt landið eða afmarkaða landshluta.

**Rit Náttúrufræðistofnunar Íslands:**

- Fjölrit 20-30 yfirvinnustundir

Heildargreiðslur fyrir fjölrit eru 20-30 yfirvinnustundir.

**Skýrslur Náttúrufræðistofnunar Íslands:**

- Minni skýrslur (allt að 15 bls) 10-15 yfirvinnustundir
- Miðlungs skýrslur (20-50 bls) 15-20 yfirvinnustundir
- Stærri skýrslur (meira en 50 bls) 20-30 yfirvinnustundir

Heildargreiðslur fyrir skýrslur gefnar út á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands skulu nema 10-30 yfirvinnustundum, allt eftir umfangi skýrslunnar.

**Greinar í fræðirit:**

- Grein í innlent rit með 3. einkunn 20 yfirvinnustundir
- Grein í innlent rit með 2. einkunn 40 yfirvinnustundir
- Grein í ISI eða Scopus tímarit, eða innlent rit með 1. einkunn 60 yfirvinnustundir
- Grein í ISI tímarit með háan áhrifastuðul 80 yfirvinnustundir

Heildargreiðsla skal nema 20-80 yfirvinnustundum fyrir hverja grein. Greiðslu skal inna af hendi þegar handrit hefur verið samþykkt til birtingar. Flokkun tímarita miðast við matskerfi opinberra háskóla.

([https://www.hi.is/sites/default/files/sverrirg/matskerfi\\_opinberra\\_haskola\\_des\\_2013.pdf](https://www.hi.is/sites/default/files/sverrirg/matskerfi_opinberra_haskola_des_2013.pdf))

**Greinar í önnur rit:**

- Minni grein 5-10 yfirvinnustundir
- Miðlungsgrein 10-15 yfirvinnustundir
- Viðamikil grein 15-20 yfirvinnustundir

Heildargreiðslur fyrir óritrýndar greinar skal nema 5-10 yfirvinnustundum fyrir minni greinar (t.d. blaðagreinar) 10-15 yfirvinnustundum fyrir miðlungsgreinar og 15-20 yfirvinnustundum fyrir viðamiklar greinar. Greinar þurfa að vera birtar opinberlega, rafrænt eða prentað.

**Bækur og bókakaflar í fræðibókum:**

Bækur og bókakafla skal meta sem ígildi greina, allt eftir eðli og umfangi.

260  
mf

**Útfærsla á reglum Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna lúkningar  
umfangsmikilla verkefna**

Aðeins er greitt fyrir verkefni sem hafa skilgreint upphaf og endi, ekki fyrir verksvið sem hafa óskilgreindan tímaramma. Ekki er greitt fyrir sama verkefni undir lið 13 og lið 14 í stofnanasamningi. Þó er greitt fyrir skrif eða fyrirlestrahald sem ekki tengjast verklokum, ná til annars eða víðari markhóps og teljast því viðbót við verkefnið eða nýtt verkefni.

Greitt er fyrir lúkningu verkefnis ef það uppfyllir annað hvort eða bæði eftirfarandi skilyrði:

A. Sérlega mikilvægt verkefni.

1. Nýsköpun. Nýjar aðferðir, nýjar uppgötvanir, nýstárleg framsetning.
2. Kynning. Styrkir ímynd stofnunar og eykur álit á henni.

B. Mjög umfangsmikið verkefni eða a.m.k. 24 mannmánuðir.

Greiðslur miðast við umfang verkefnis mælt í áætluðum heildarmannmánuðum. Greiðsla getur verið hærri ef verkefnið telst óvenju mikilvægt.

<u>Umfang</u>	<u>Lágmarkstíma fjöldi</u>
<6 mán.	≥ 15 yfirvinnutímar
6-12 mán.	≥ 20 yfirvinnutímar
12-24 mán.	≥ 30 yfirvinnutímar
>24 mán.	≥ 50 yfirvinnutímar

260  
ml

## Bókun I

Túlkun samningsaðila á menntunarákvæðum gerðardóms er ekki að öllu leyti samhljóða og því verður mögulegur ágreiningur úrlausnarefni Félagsdóms ef á hann reynir.

## Bókun II

Ekki er gerð krafa um menntun umfram BS/BA í starfslýsingu né í starfsheitaskilgreiningu forstöðumanna.

Samkvæmt gerðardómi þá er skilyrði um að meta menntun sem starfsmaður aflar sér eftir fyrstu háskólagráðu/BA/BS og nýtist í starfi. Menntunin skal metin annað hvort sem menntun sem krafa er um í starfi eða sem menntun sem nýtist í starfi.

Innifalið í grunnröðun forstöðumanna er álag vegna menntunar sem forstöðumaður kann að hafa og samsvarar allt að doktorsprófi.

Hafi forstöðumaður menntun umfram doktorspróf og hún nýtist í starfi þá skal meta þá umfram menntun undir liðnum *Menntun sem nýtist í starfi* sbr. grein 5.2 A í stofnanasamningi (11.3.3.2 í gerðardómi).

## Bókun III

Fái starfsfólk sérstaka hækkun launa vegna doktorsprófs umfram það sem kveðið er á um í þessum stofnanasamningi NÍ og FÍN skulu laun forstöðumanna deilda breytast með sambærilegum hætti. Miða skal við að munur á grunnröðun milli forstöðumanna deilda annars vegar og hins vegar sviðsstjóra og sérfræðinga 4 minnki ekki vegna slíkra breytinga sem rætur eiga að rekja til miðlægs samnings FÍN og fjármálaráðuneytisins eða gerðardóms.

260  
mf